



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag kl. 16:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunar-sjóði námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Arfgeng heilablæðing – Ný tilgáta um sjúkdómsmyndun byggð á rannsókn á genatjáningu* sem unnið er af Birni Þór Aðalsteinsyni.
2. *Fornleifar á eyðidal: Skráning og kynning á fornum minjum í Seljadal* sem unnið er af Ástu Hermannsdóttur.
3. *Sjálfvirki lestrar- og sýndarkennarinn* sem unnið er af Gunnari Steini Valgarðssyni.
4. *Súrefnismettunar- og hjartsláttarnemi* sem unnið er af Ásgeiri Bjarnasyni.
5. *Arctic snack – kartöfluflögur og sölsnakk* sem unnið er af Eddu Jónu Gylfadóttur, Guðrúnu Björk Jónsdóttur, Helgu Björgu Jónasardóttur og Guðrúnu Hjörleifsdóttur.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunar-sjóðs námsmanna og formaður dómnefndar flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

2. mars 2010

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540-4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (s. 896-3028) og Guðný Hallgrímsdóttir (s. 894 6112).